



204. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 22. nóvember 2012 kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Örn Andrússon, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Garðar Svansson 2. varamaður og Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður.

Forföll: Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir og Gústaf Adolf Hjaltason 1. varamaður.

1. Sjálfboðavefur ÍSÍ

Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ og Jóna Hildur Bjarnadóttir sviðsstjóri Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ komu inn á fundinn og kynntu nýstofnaðan vef sjálfboðaliða í íþróttahreyfingunni sem ber heitið „**Allir sem einn**“. Markmiðið með stofnun vefsvæðisins er að halda utan um störf sjálfboðaliða í hreyfingunni en hver einstaklingur getur skráð þar vinnu sína í þágu hreyfingarinnar á einfaldan hátt. Verið er að leggja lokahönd á gerð vefsvæðisins áður en hann verður kynntur almenningi.

Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni með vefsvæðið og tilgang og markmið verkefnisins. Jóna Hildur vék svo af fundi.

2. Ólympísk verkefni

EYOWF 2013 í Brasov

Andri Stefánsson skýrði frá því helsta í undirbúningi fyrir þátttöku í Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar – EYOWF í Brasov á næsta ári.

Friðrik Einarsson fylgdi úr hlaði erindi Skíðasambands Íslands og Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ um þátttakendur í EYOWF.

Samþykkt að eftirtaldir keppendur verði fulltrúar Íslands í hátíðinni:

Alpagreinar stúlkna: Thelma Rut Jóhannsdóttir 1995, Ísafjörður,
Kolbrún Lilja Hjaltadóttir 1995, Akureyri,
Auður Brynja Sölvadóttir 1995, Akureyri
Alexía María Gestsdóttir 1996, Ólafsfjörður.

Alpagreinar drengja: Kristinn Auðunsson 1995, Reykjavík,
Jón Elí Rúnarsson 1995, Breiðablik,
Jón Óskar Andrússon 1995, Siglufirði
Sigurður Hauksson 1996, Reykjavík (Noregur).

Til vara í alpagreinum: Ragnheiður Pétursdóttir 1996, Reykjavík
Arnór Reyur Rúnarsson 1996, Dalvík.

Skíðaganga stúlkna: Elena Dís Víðisdóttir 1996, Ísafirði
Jónína Kristjánsdóttir 1996, Ólafsfirði.

Skíðaganga drengja: Hákon Jónsson 1996, Ísafirði
Ragnar G. Sigurgeirsson 1996, Akureyri.

Tillaga um að þjálfari í alpagreinum verði Arnór Gunnarsson og í skíðagöngu Kristján Hauksson var samþykkt.

Þá lagði stjórn Afrek- og ólympíusviðs ÍSÍ til við framkvæmdastjórn ÍSÍ að sjúkrapjálafari í ferðinni yrði María Magnúsdóttir og var það samþykkt.

Smáþjóðaleikar 2015

Forseti skýrði frá því að ÍSÍ hafi borist bréf frá Körfuknattleikssambandi Íslands þar sem skýrt er frá því að sambandið treysti sér ekki til að senda körfuknattleikslið til Smáþjóðaleikanna í Luxemborg 2013 miðað við áætlaðan kostnað þátttakenda.

Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Gunnar Bragason og Andri Stefánsson munu funda með Körfuknattleikssambandinu vegna málsins. Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði frá því að fyrirhugað væri að halda fund með sérsamböndum í desember. Beðið er eftir tilnefningum í Skipulagsnefnd leikanna frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Íþróttabandalagi Reykjavíkur. Fulltrúar Reykjavíkurborgar verða Ómar Einarsson og Eva Einarsdóttir.

Andri Stefánsson vék af fundi.

3. Afmæli ÍSÍ

Búið er að útbúa veggplatta handa öllum sambandsaðilum ÍSÍ sem forseti ÍSÍ mun afhenda fulltrúum sambandsaðilanna í kvöldverðarboði ÍSÍ eftir Formannafund ÍSÍ á morgun, 23. nóvember. Á plattanum kemur fram nafn viðkomandi sambands og að það sé aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands.

Framundan eru tveir viðburðir sem tengja á afmælisárinu; ráðstefnan „Skipta íþróttir máli?“ sem haldin verður í samstarfi við Háskóla Íslands 28. nóvember nk. og sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamann sem haldið verður 28. desember nk. Fram kom að fyrir liggi ósk frá HSÍ um að fresta hófinu til 29. desember vegna landsleikja karlalandsliðs HSÍ í handknattleik. Framkvæmdastjóri skoðar málið.

4. Fjárlög 2013

Forseti fór yfir þá umfjöllun fjölmiðla undanfarnar vikur um fjárhagsstöðu íþróttahreyfingarinnar og afreksíþróttafólks. Einnig skýrði hann frá fundi sem forysta ÍSÍ átti með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins fyrr í dag.

5. Formannafundur ÍSÍ

Haldinn verður fundur með fulltrúum þeirra stjórnmalaflokka sem sæti eiga á Alþingi á undan Formannafundinum á morgun. Formönnum og framkvæmdastjórum sambandsaðila ÍSÍ verður boðið til fundarins.

Rætt um fyrirkomulag Formannafundarins og dagskrá.

6. Ánægjuvog – niðurstöður

Niðurstöður úr könnun Rannsóknar og greiningar á viðhorfi ungmenna til íþróttastarfs í landinu hafa nú borist. Niðurstöðurnar voru góðar fyrir íþróttahreyfinguna. Mikil ánægja var með starfið og skýrt kom fram í niðurstöðunum að ástundun íþróttá minnkar líkur á vímuefnaneyslu. Verið er að skoða hvernig niðurstöður könnunarinnar verða kynntar.

7. Samstarf við Háskóla Íslands

Skrifað verður undir yfirlýsingu um samstarf við Háskóla Íslands í næstu viku. Undirskriftin fer fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og mun rektor HÍ heimsækja ÍSÍ við það tækifæri.

8. Heiðranir

Samþykkt að útnefna Bjarna Ásgeir Friðriksson og Völu Flosadóttur í Heiðurshöll ÍSÍ. Útnefningin verður tilkynnt á hófinu um Íþróttamanni ársins 2012.

9. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 203. fundur framkvæmdastjórnar
- 19. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Fundur Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ frá 14. nóvember 2012

10. Viðburðir framundan

Farið yfir þá viðburði sem framundan eru.

11. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður haldinn 20. desember, í tengslum við Stofnþing Akstursíþróttasambands Íslands, nýs sérsambands innan ÍSÍ.

12. Önnur mál

Skipan í Þríþrautarnefnd ÍSÍ

Þríþrautarnefnd ÍSÍ hefur óskað eftir því að skipuð verði ný stjórn nefndarinnar og að fjölgað verði í stjórninni. Samþykkt að skipa eftirtalda einstaklinga í nefndina:

Gísli Ásgeirsson formaður

Stefanie Gregersen

Sigurður Haraldsson

Vignir Sverrisson

Karen Axelsdóttir

Sverrir Magnússon

Jens Kristjánsson

Skipan í Hjólreiðanefnd ÍSÍ

Hjólreiðanefnd ÍSÍ hefur óskað eftir því að skipuð verði ný stjórn nefndarinnar. Samþykkt að skipa eftirtalda einstaklinga í nefndina:

David Robertson formaður

Kristján Guðni Bjarnason

Sigurgeir Agnarsson

Arnar Geirsson

Hákon Hrafn Sigurðsson varamaður

Jens Viktor Kristjánsson varamaður

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari